

## Klæðumst bláu á **BLÁA DAGINN** þriðjudaginn 2. apríl


Í tilefni af vitundar- og styrktaráttakinu **BLÁR APRÍL** sem er nú haldið í sjötta sinn, eru börn og fullorðnir hvattir til að klæðast bláu þriðjudaginn 2. apríl til að sýna einhverfum stuðning og samtöðu. Undanfarin ár hafa margir brugðið á það ráð að birta myndir á samfélagsmiðlum með myllumerkinu **#blarapril** sem hefur lífgað upp á daginn og hjálpað til við að breiða út boðskapinn



Myndir frá Bláa deginum undanfarin ár **#blarapril**

Sem fyrr er það *Blár apríl - Styrktarfélag barna með einhverfu* sem að bláa deginum stendur. Markmið átaksins er að vekja athygli á einhverfu og safna fé til styrktar málefnum er varða börn með einhverfu. Öll starfsemi styrktarfélagins er unnin í sjálfböðavinnu og allt styrktarfé rennur óskert til söfnunarátaksins.

Á fyrsta starfsári félagsins leiddi styrktarátakið til þess að hægt var að gefa öllum grunnskólum landsins sérkennslugögn að andvirði fimm milljóna króna. Árið eftir var styrktarféð nýtt til að koma á námskeiði fyrir foreldra og aðstandendur barna með einhverfu, þátttakendum að kostnaðarlausu. Þörfin leyndi sér ekki og aðsóknin var slík að félagið hefur haldið námskeiðin æ síðar og þátttakendur farnir að nálgast 700. Gefið hafa verið út tvö vonduð fræðslumyndbönd um einhverfu sérstaklega ætlað börnum. Þar fóru Ævar vísindamaður og drengurinn Dagur ofan í saumana á einhverfu og svo kom út annað myndband með henni Maríu í aðalhlutverki. Í ár munum við halda áfram með námskeiðin okkar og gefa bæði myndböndin út með ensku tali.



Úr fræðslumyndbandinu frá í fyrra: Ævar vísindamaður og Dagur

### Leiðir til að styðja og styrkja málefnið:

- Klæðast bláu þriðjudaginn 2. apríl og birta myndir á samfélagsmiðlum merktum **#blarapril**
- Ræða við börnin ykkar um einhverfu og horfa saman á fræðslumyndböndin á **blarapril.is**
- Hringja í síma **902 1010** og styrkja málefnið um 1000 krónur
- Kaupa Bláu næluna, samstöðumerki átaksins, (eða aðrar vörur) á **verslun.blarapril.is**
- Mæta á uppstand Blás apríls, föstudagskvöldið 5. apríl á Bryggjan Brugghús – sjá nánar á **miði.is**
- Einnig er tekið við frjálsum framlögum á **blarapril.is**
- Fylgjast með fréttum af áttakinu á facebook síðu styrktarfélagins: **facebook.com/einherfu**

Við þökkum fyrir stuðninginn og hlökkum til að sjá ykkur sem flest í bláu þriðjudaginn 2. apríl. Stöndum saman og fögnum fjölbreytileikanum. Því lífið er blátt á mismunandi hátt! **#blarapril**